

## Ný-útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1890.

- Lög um hundaskatt og fleira*, undirskrifuð af konungi 22. maí 1890 (A, nr. 18, bls. 74—77).
- Lög um stofnun stjórnmannaskóla á Íslandi*, undirskrifuð af konungi 22. maí 1890 (A, nr. 19, bls. 78—83).
- Lög um innheimtu og meðferð á kirknafje*, undirskrifuð af konungi 22. maí 1890 (A, nr. 20, bls. 84—87).
- Vidaukalög við lög nr. 5, 27. febr. 1880, um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeradsnefnda*, unndirskrifuð af konungi 22. maí 1890 (A, nr. 21, bls. 88—89).
- Lög um vidauka og breyting á þingsköpum alþingis*, undirskrifuð af konungi 22. maí 1890 (A, nr. 22, bls. 90—93).
- Lög um tollgreiðslu*, undirskrifuð af konungi 22. maí 1890 (A, nr. 23, bls. 94—97).
- Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs*, undirskrifuð af konungi 22. maí 1890 (A, nr. 24, bls. 98—99).
- Auglýsing um reglur fyrir því, hvernig veraldlegir valdsmenn skuli gefa saman hjón*, útgefin af ráðgjafanum fyrir Ísland 31. maí 1890 (A, nr. 25, bls. 100—103).
- Hafnarreglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað*, gefin út af ráðgjafanum fyrir Ísland 31. maí 1890 (A, nr. 26, bls. 104—107).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um greiðslu árgjalda frá einu prestakalli til annars. — Í þóknanlegu bjeffi, dags. 25. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá, að þjer hafið fengið frá stiptyfirvöldunum nákvæmar skýrslur um jarðeignir braudanna Breiðabólstaðar í Rangárvallaprófastsdæmi og Heydala í Sudurmúlaprófastsdæmi, er bæði losnuðu síðastliðið ár, og um eptirgjaldið eptir hverja einstaka jörð útaf fyrir sig um hin síðustu 5 fardagaár. Til þess nú að framkvæma það ákvæði 3. í gr. í lögum 27. febr. 1880, um skipun prestakalla, að gjaldið frá einu prestakalli til annars skuli sem mest greiða með fasteignum eða afgjaldi fasteigna, hafið þjer lagt það til, að greiðslu árgjaldanna af ofannefndum prestaköllum verði hagað svo sem hjer segir:

A. Breiðabólstaðar prestakall. Þær 700 kr., sem á ári hverju eiga að borgast af brauðinu, greiðist þannig, að Vestmannaeyja prestakalli, sem á að fá 600 kr. uppbot á ári, verði lagðar út þessar jarðir:

1, <i>Ey</i> í Vestur-Landeyjahreppi, 32 hndr.; eptirgjald á ári . . . . .	kr. 143,30
2, <i>Brök</i> í sama hreppi, 5 hndr.; eptirgjald á ári . . . . .	— 21,95
3, <i>Strandarhöfði</i> í sama hreppi, 19,9 hndr.; eptirgjald á ári . . . . .	— 76,20
4, <i>Akurey</i> í sama hreppi, 23,9 hndr.; eptirgjald á ári . . . . .	— 112,08
5, <i>Ljótarstaðir</i> í Eystri-Landeyjahreppi, 18,6 hndr.; eptirgjald á ári . . . . .	— 67,64
6, <i>Hólmar</i> í sama hreppi, 19,95 hndr.; eptirgjald á ári . . . . .	— 56,88
7, <i>Hólmahjáleiga</i> í sama hreppi, 9,97 hndr.; eptirgjald á ári . . . . .	— 55,83
8, <i>Butra</i> í sama hreppi, 3,99 hndr.; eptirgjald á ári . . . . .	— 23,74

= kr. 557,62

það sem þá stendur eptir af árgjaldinu, kr. 142,38, leggið þjer til, að greiðist frá 26. dag júní-mán. 1890.

**64** Breiðabólstaðarprestakalli í landssjóð eins og hingað til, og að landssjóður svo aptur  
18. apríl greiði Vestmannaeyjaprestakalli þær kr. 42,38, sem vantar á uppbótina.

B. Heydalaprestakall. Þær 300 kr., sem eiga að borgast af brauðinu á ári hverju greiðist á þann hátt, að Stöðvarprestakalli, sem á að fá 500 kr. úr landsjóði, verði lagðar út þessar jarðir:

1, *Randversstaðir* í Breiðdalshreppi, 12 hndr.; eptirgjald á ári kr. 131,10

2, *Brekkuborg* í sama hreppi, 8 hndr.; eptirgjald á ári . . . — 73,55

3, *Ós* í sama hreppi, 12 hndr.; eptirgjald á ári . . . . . — 128,13

kr. 332,78

og að þær kr. 32,78, sem umfram eru, endurborgist Heydalaprestakalli af þeim 200 kr., sem Stöðvarprestakall á að fá í uppbót auk þessa.

Útaf þessu læt jeg eigi hjá líða, í sambandi við brjef mín til yðar 18. apríl, 3. júní, og 31. debr. 1887, að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg, samkvæmt heimild þeirri, sem mjer er veitt með konungsúrskurði 16. apríl 1887, samþykki hjer með tillögur yður, sem að ofan eru greindar undir staflíðnum A. og B., og jafn-þjónustusamlega skal jeg skora á yður, að gjöra þóknanlega ráðstafanir þær, sem nauðsynlegar eru, til þess að framkvæma þetta, og vonast jeg eptir að fá skýrslu yðar um það á sínum tíma.

## 65

8. maí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um skipun aðalpóstvega í norður- og austuramtinu. — Eptir að mjer hafa borizt þar að lútandi tillögur hlutadeigandi sýslunefnda og amtsráðsins í norður- og austuramtinu með þóknanlegum brjefum yðar, herra amtmaður, dags. 19. aprílm. og 9. júlí 1888, skal hjer með ákveðið, samkvæmt lögum um vegi 10. nóv. 1887, 6. gr., að aðalpóstleiðir skuli fyrst um sinn liggja um norður- og austuramtið, sem hjer segir:

A. Aðalpóstleið frá Reykjavík til Akureyrar.

1. Um Húnavatnssýslu:

Frá Hrótafjarðará fyrir sunnan og neðan Stað út með Hrótafirði að Þóroddstöðum; þaðan austur yfir Hrótafjarðarháls þveran að Miðfjarðará um Staðarbakka; þaðan austur yfir þveran Miðfjarðarháls um Selás og Galtarnes að Lækjamóti; þá um Miðhóp yfir Gljúfurá á Bjarmavaði til Skriðuvaðs, og þaðan yfir Axlarbala að Stóru Giljá. Vegurinn þaðan að sýslutakmörkum verður síðar ákveðinn.

2. Um Skagafjarðarsýslu:

Frá sýslumótum Húnavats- og Skagafjarðarsýslna við Arnarvatnslæk á Vatnsskarði ofan hjá Víðimýri, Húsey og Völlum, yfir Hjeraðsvötn, upp fyrir utan Minni Akra, fram Blönduhlíð og Norðurárdal, norður Öxnadalsheiði að Grjótá.

3. Um Eyjafjarðarsýslu:

Frá Grjótá á Öxnadalsheiði ofan í Öxnadal; eptir Öxnadal og Þelamörk, yfir Moldhaugnaháls frá Laugalandi til Glæsibæjar, og þaðan til Akureyrar.

Helmingur sýsluvegagjaldsins úr Húnavatnssýslu skal samkvæmt áður nefndum lögum 10. nóvbr. 1887, 3. gr. ganga til aðalpóstvega.